


SPARBÍÓ 550 kr á allar sýningar merktar með appelsínugulu

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SKELLIBJALLA OG TÝNDI... m. ísl. tali | kl. 2 | L |
| A CHRISTMAS CAROL m. ísl. tali | kl. 4 FORSÝNING | 7 |
| COUPLES RETREAT | kl. 6 | 12 |
| A CHRISTMAS CAROL m. ensku tali | kl. 8 FORSÝNING | 7 |
| HORSEMEN FRUMSÝNING | kl. 10:20 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN... | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| THE INFORMANT | kl. 8 | L |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN... m. ísl. tali | kl. 2 | L |
| SKELLIBJALLA OG TÝNDI FJ. m. ísl. tali | kl. 4 | L |
| DESEMBER m. ísl. tali | kl. 6 | L |
| GAMER | kl. 8 - 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI m. ísl. tali | kl. 2 | L |
| JÓHANNES m. ísl. tali | kl. 4 | L |
| THIS IS IT | kl. 5:50 - 8 | L |
| ZOMBIELAND | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN / SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| COUPLES RETREAT | kl. 8 | 12 |
| ORPHAN | kl. 10:20 | 16 |
| JÓHANNES | kl. 4 - 6 | L |
| DESEMBER | kl. 6 - 8 | L |
| ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA | kl. 2 | L |
| SKELLIBJALLA OG TÝNDI... m. ísl. tali | kl. 2 | L |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI m. ísl. tali | kl. 4 (650 kr.) | L |
| ZOMBIELAND | kl. 10:10 | 16 |

SKRÁÐU ÞIG SEM „FAN“
facebook
HTTP://FACEBOOK.SAMBIOIN.IS

5758900


# „Eiginlega allt sætt í Japan“

## Kawaii, hinn japanski sætleiki, verður til umfjöllunar á málþingi á morgun sem tengist sýningunni Innpökkuð herbergi

**Eftir Kristrúnu Ósk Karlsdóttur**
kristrun@mbl.is

HINN japanski sætleiki, kawaii, verður meðal umfjöllunarefna á málþingi sem haldið verður í Listasafni Reykjavíkur á morgun kl. 15 með yfirskriftinni „Manga, meðvitund og markaðsfræði“. Málþingið er haldið í tengslum við sýningu Yoshitomo Nara, *Innpökkuð herbergi*, sem stendur yfir í Hafnarhúsinu.

Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir vöruhönnuður flytur erindi á málþinginu um þetta japanska fyrirbæri, kawaii eða sætleikann.

„Yoshitoma Nara er einn af þekktustu popplistamönnum í dag, hann notar sætleikann mikið í sínum verkum,“ segir hún. „Ég hef mikið verið að skoða hvernig sætleikinn er notaður sálfræðilega í markaðssetningu, fólk laðast greinilega að þessu.“

Kawaii hefur lengi verið vinsælt í Japan. „Í Japan er eiginlega allt sætt. Japanir geta til dæmis notað sætleikann í framsetningu á mat.“

*Kemur sætleikinn frá Japan?*

„Þetta er út um allan heim, en þetta byrjaði í Japan. Það eru ýmsar kenningar á lofti, en talið er að þetta komi í kjölfarið af seinni heimstyrjöldinni. Þegar þjóðir lenda í stórum áföllum, eins og þegar kjarnorkusprengjunum var varpað á Hiroshima og Nagasaki, þá er oft leitað að öryggi í einhverjum hlut. talið er að þetta hafi verið þeirra öryggi, sem vatt upp á sig og varð að algjöru æði í Japan.“

Ragnheiður Ösp segir að þetta hafi byrjað með manga og anime sem hafi haft mikil áhrif á popplistina og í framhaldi af því á kvikmyndir, tísku og fleira.



Morgunblaðið/Golli

**Ragnheiður** „Í Japan er eiginlega allt sætt.“

„Að lokum greini ég frá kawaii noir sem er næsta skref á eftir sætleikanum. Það er hin myrkra hlið sætleikans, þar sem ofbeldi og gróft kynlíf er notað. Þetta er orðið áberandi í manga og anime og einnig popplistinni,“ segir Ragnheiður Ösp að lokum.

Sýningu Nara lýkur 3. janúar.





HÖNNUN • MIÐLUN & TÍZKA

Eins árs nám í Flórens, Mílanó, eða Róm

Istituto Europeo di Design hefur í rúm 40 ár verið í fremstu röð Evrópskra hönnunarskóla. Nám hjá IED hentar nemum sem lokið hafa grunnnámi á hönnunar- og listasviði eða í viðskiptum. Eins árs nám hjá IED hefst í janúar 2010 og er kennt á ensku. Námið er lánshæft hjá LÍN.

IED lingó MÁLAMIÐLUN

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS

ESSEMM 08/09